



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 19. maí 2015

Ákvörðun nr. 13/2015

Kaup Sjávarsýnar ehf. á öllu hlutafé í Skakkaturni ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitinu barst með bréfi þann 9. apríl sl. tilkynning um viðskipti með allt hlutafé í Skakkaturni ehf. (hér eftir „Skakkiturn“) sem leiða myndu til yfirráða Sjávarsýnar ehf. (hér eftir „Sjávarsýn“) f.h. óstofnaðs einkahlutafélags í eigu félagsins. Meðfylgjandi tilkynningunni fylgdi svonefnd styttri samrunaskrá með upplýsingum um samrunann, sbr. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka II við þær (styttri tilkynning). Með bréfi dags. 24. apríl sl. tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að samrunatilkynningin teldist fullnægjandi.

Við meðferð málsins hefur Samkeppniseftirlitið átt samtöl við samrunaaðila og kynnt sér framlögð gögn þeirra ásamt opinberum gögnum er varpa ljósi á helstu atriði málsins.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfirráðum verður til frambúðar, s.s. þegar fyrirtæki tekur yfir annað fyrirtæki eða þegar aðili sem þegar hefur yfirráð yfir a.m.k. einu eða fleiri fyrirtækjum nær beinum eða óbeinum yfirráðum, í heild eða hluta, yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar með því að kaupa verðbréf eða eignir, með samningi eða öðrum hætti, sbr. b. og c. liðir 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

Í samrunaskrá segir að Sjávarsýn sé í einkaeigu, undir sömu yfirráðum séu fyrirtæki sem hafa með höndum atvinnustarfsemi á mörkuðum sem eru ótengdir þeim markaði sem þessi samruni varðar.

Starfsemi Skakkaturns felst í rekstri tveggja verslana á höfuðborgarsvæðinu undir merkinu Epli.is ásamt rekstri netverslunar og þjónustuverkstæðis. Kjarnastarfsemi félagsins felst annars vegar í að selja, á grundvelli sérstaks dreifingarsamnings við Apple, vörur frá Apple Inc., bæði í gegnum sölustaði sína og í heildsölu, og hins vegar í að þjónusta vörur frá Apple á grundvelli samnings við Apple Inc.

Í ljósi ólíkrar starfsemi samrunaaðila segir í samrunaskrá að um svokallaðan samsteypusamruna (e. conglomerate merger) sé að ræða þar sem hvorki sé um að ræða lárétta né lóðrétta skörun á milli starfsemi samrunaaðila.

III.



Niðurstaða

Samrunaaðilar telja að Skakkiturn starfi á eftirfarandi mörkuðum: Markaði fyrir heildsölu annarra raftækja en „hvítra“ heimilistækja, markaði fyrir smásölu annarra raftækja en „hvítra“ heimilistækja og markaði fyrir þjónustu annarra raftækja en „hvítra“ heimilistækja. Telja þeir landfræðilegan markað vera landið allt. Segir nánar í samrunaskrá að með samrunanum auki enginn samrunaaðila við markaðshlutdeild sína eða styrki hana og engin breyting verði á fjölda keppinauta á nokkrum markaði. Segir að fjöldi aðila starfi á hinum skilgreindu mörkuðum og samrunaaðilar hafi ekki þann efnahagslega styrk sem veiti þeim möguleika til þess að hindra samkeppni. Telja þeir því að samruninn muni ekki hafa samkeppnisleg áhrif á þá markaði sem þeir starfa á.

Samkeppniseftirlitið fellst á framangreinda lýsingu samrunaaðila í meginatriðum enda er hún í samræmi við önnur gögn sem eftirlitið hefur undir höndum hvað varðar markaðsskilgreiningar og stöðu aðila á þeim. Nokkur fjöldi aðila starfar á umræddum mörkuðum og virðist hlutdeild þeirra ekki slík að hún geti falið í sér markaðsráðandi stöðu, miðað við gögn málsins. Þá leiðir samruninn ekki til aukinnar samþjöppunar á viðkomandi mörkuðum.

Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim sökum er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til þess að aðhafast vegna þessa samruna.

Ákvörðunarorð:

„Í kaupum Sjávarsýnar ehf. á öllu hlutafé í Skakkaturni ehf. felst samruni. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast vegna samrunans “

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson